



# COVID-19 viðvörðunarkerfi fyrir skóla- og frístundastarf

## Útfærslur til viðmiðunar fyrir skólasamfélagið

Gildandi reglugerðir heilbrigðisráðherra stýra áfram sóttvarnaráðstöfunum í skólum og almennar samkomutakmarkanir gilda nema annað sé tekið fram.

### Nánari upplýsingar:

Leikskóla-, grunnskóla- og tónlistarskóla- og frístundastarf: [skolastarf@samband.is](mailto:skolastarf@samband.is)

Framhalds- og háskólastig: [covid19@mrn.is](mailto:covid19@mrn.is)

Útg. 7. desember 2020

Starfseining	Nýja normið	Vertu á verði	Aukin hættu	Alvarlegt ástand
Fyrirvari breytinga á gildandi takmörkunum	1 vika	1 vika	Innan við 1 vika	Innan við 3 dagar
Leikskólar	Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls. Starf fer fram með venjubundnum hætti.	Þegar starfsfólk af mismunandi deildum nær ekki að viðhafa nálægðarmörk sín á milli ber að nota andlitsgrímu.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi eiga að sýna aðgát þegar þeir koma inn í skólabyggingar og gæta að sóttvörnum.	Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má fara milli rýma.  Hámarksfjöldi barna er 50 í rými og blöndun hópa í útiveru er heimili.  Þegar starfsfólk af mismunandi deildum eða rýmum nær ekki að viðhafa nálægðarmörk sín á milli ber að nota andlitsgrímu.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.  Takmörkun á komu aðstandenda á leikskóla vegna aðlögunar barna.	Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má ekki fara milli rýma.  Hámarksfjöldi barna er 50 í rými.  Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk sín á milli ber að nota andlitsgrímu.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.  Takmörkun á komu aðstandenda á leikskóla vegna aðlögunar barna og aðeins eitt foreldri má fylgja barninu allan tímann.
Grunnskólar - yngsta stig (1.-4. bekkur) og frístundaheimili	Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls. Starf fer fram með venjubundnum hætti.	Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk sín á milli ber að nota andlitsgrímu.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi eiga að sýna aðgát þegar þeir koma inn í skólabyggingar og gæta að sóttvörnum.  Forðast skal blöndun nemenda milli skóla á frístundaheimilum. Venjubundin stundaskrá og lengd skóla- og frístundadags.	Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má fara á milli rýma.  Hámarksfjöldi nemenda er 50 í rými og blöndun hópa í útiveru er heimil.  Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk sín á milli ber að nota andlitsgrímu.  Íþrótt- og sundkennsla innan skóla er heimil. Ekki þarf að halda sömu hópaskiptingu og í annarri kennslu.  Mötuneyti starfa mögulega með breyttu sniði.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.  Blöndun nemenda úr ólíkum skólum á frístundaheimilum óheimil. Möguleg skerðing á lengd skóla- og frístundadags.	Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má ekki fara á milli rýma.  Hámarksfjöldi nemenda er 50 í rými, sem heldur sér í útiveru.  Nemendur nýta eina skólastofu yfir skóladaginn.  Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.  Gera má ráð fyrir að öll sundkennsla sem og Íþróttakennsla innandyrá sé óheimil. Hvatt er til hreyfingar úti við.  Breytt fyrirkomulag mötuneyta.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.  Hópaskipting nemenda í grunnskólum heldur sér á frístundaheimilum.  Skerðing getur orðið á heildarlengd skóla- og frístundadags.

<p>Grunnskólar- miðstig (5.-7. bekkur)</p>	<p>Áhersla á persónulegar sóttvarnir.  Grímunotkun er valfrjáls.  Starf fer fram með venjubundnum hætti.</p>	<p>Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk sín á milli ber að nota andlitsgrímu.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi eiga að sýna aðgát þegar þeir koma inn í skólabyggingar og gæta að sóttvörnum.  Venjubundin stundaskrá og lengd skóladags.</p>	<p>Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má fara á milli rýma.  Hámarksfjöldi nemenda er 50 í rými og blöndun hópa í útiveru er heimil.  Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.  Íþrótta- og sundkennsla innan skóla er heimil. Ekki þarf að halda sömu hópaskiptingu og í annarri kennslu. Mötuneyti starfa mögulega með breyttu sniði.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.  Möguleg skerðing á lengd skóladags.</p>	<p>Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má ekki fara á milli rýma.  Hámarksfjöldi nemenda er 25 í rými, sem heldur sér í útiveru. Halda skal 2 metra reglu milli nemenda í kennslustofum. Nemendur nýta eina skólastofu yfir skóladaginn.  Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.  Gera má ráð fyrir að öll sundkennsla sem og Íþróttakennsla innandyrá sé óheimil. Hvatt er til hreyfingar úti við.  Breytt fyrirkomulag á mötuneyti.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.  Skerðing getur orðið á lengd skóladags og fjarkennsla nýtt.</p>
<p>Grunnskólar - unglingastig (8.-10. bekkur)</p>	<p>Áhersla á persónulegar sóttvarnir.  Grímunotkun er valfrjáls.  Starf fer fram með venjubundnum hætti.</p>	<p>Þegar starfsfólk á milli einstaklinga nær ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi eiga að sýna aðgát þegar þeir koma inn í skólabyggingar og gæta að sóttvörnum.  Venjubundin stundaskrá og lengd skóladags.</p>	<p>Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má fara á milli rýma.  Hámarksfjöldi nemenda er 50 í rými og blöndun hópa í útiveru er heimil. Nálægðarmörk milli nemenda er 1 metri en 2 metrar fyrir starfsfólk.  Þegar ekki er næst að viðhafa gildandi nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.  Íþrótta- og sundkennsla innan skóla er heimil. Ekki þarf að halda sömu hópaskiptingu og í annarri kennslu.  Mötuneyti starfa mögulega með breyttu sniði.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.  Möguleg skerðing á lengd skóladags og fjarkennsla nýtt.</p>	<p>Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má ekki fara á milli rýma.  Hámarksfjöldi nemenda er 25 í rými, sem heldur sér í útiveru. Halda skal 2 metra reglu milli barna í kennslustofum. Nemendur nýta eina skólastofu yfir skóladaginn.  Þegar starfsfólk og nemendur ná ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.  Gera má ráð fyrir að öll sundkennsla sem og Íþróttakennsla innandyrá sé óheimil. Hvatt er til hreyfingar úti við.  Breytt fyrirkomulag á mötuneyti.  Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.  Skerðing getur orðið á lengd skóladags og fjarkennsla nýtt.</p>

<p>Skólaakstur leik- og grunnskólabarna</p>	<p>Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls.</p>	<p>Þegar starfsfólk og börn fædd 2010 og fyrr ná ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu ef akstur tekur lengri tíma en 30 mínútur.</p>	<p>Þegar starfsfólk og börn fædd 2010 og fyrr ná ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.</p>	<p>Þegar starfsfólk og börn fædd 2010 og fyrr ná ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.</p>
<p>Félagsmiðstöðvar</p>	<p>Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls. Starf fer fram með venjubundnum hætti.</p>	<p>Blöndun nemenda úr mismunandi skólum er takmörkuð og nálægðarmörkum er fylgt.</p>	<p>Hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými. Starfsfólk má fara á milli rýma. Hámarksfjöldi nemenda er 50 í rými. Nálægðarmörk milli nemenda er 1 metri en 2 metrar fyrir starfsfólk. Blöndun nemenda úr ólíkum hópum er óheimil.</p>	<p>Hefðbundin starfsemi félagsmiðstöðva liggur niðri, en starfsemi fer fram rafrænt eins og kostur er.</p>
<p>Tónlistarnám</p>	<p>Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls. Starf fer fram með venjubundnum hætti.</p>	<p>Hópastarf með aukinni smitgát. Einstaklingskennsla heimil. Þegar einstaklingar fæddir 2010 og fyrr ná ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu sé þess kostur (fer eftir hljóðfærum).</p>	<p>Hópastarf leyfilegt fyrir allt að 50 nemendum fyrir nemendur fædda 2011 og síðar, 25 fyrir aðra. Einstaklingskennsla heimil og farið er eftir nálægðarmörkum. Blöndun nemenda úr ólíkum skólum leyfileg. Þegar einstaklingar fæddir 2010 og fyrr ná ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu sé þess kostur (fer eftir hljóðfærum).</p>	<p>Hefðbundin starfsemi liggur niðri, en starfsemi fer fram rafrænt eins og kostur er.</p>
<p>Íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarf barna og ungmenna utan skóla  Fyrir einstaka íþróttagreinar er bent á skilgreiningar ÍSÍ</p>	<p>Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls.</p>	<p>Þegar starfsfólk og utanaðkomandi ná ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu.</p>	<p>Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu. Fjöldaviðmið miðast við 50 í rými. Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í starfsemina nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu. Æfingar í íþróttum eru heimilar en keppni er óheimil. Blöndun á milli hópa er heimil.</p>	<p>Þegar starfsfólk nær ekki að viðhafa nálægðarmörk ber að nota andlitsgrímu. Fjöldaviðmið miðast við 25 í rými á efsta stigi grunnskóla. Fjöldaviðmið er 50 hjá leikskólabörnum og 1.-7. bekkja grunnskóla. Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í starfsemina nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu. Æfingar í íþróttum eru heimilar en keppni er óheimil. Blöndun á milli hópa er heimil. Gera má ráð fyrir því að starfsemi verði skert frekar eða jafnvel felld niður.</p>

Ungmennahús 16-25 ára	Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls.	Ef ekki er unnt að virða almenn nálægðarmörk skal notast við andlitsgrímu.	Ef ekki er unnt að virða almenn nálægðarmörk skal notast við andlitsgrímu. Skipulag starfseminnar skal taka mið af því að forðast hópamyndun. Blöndun ungmenna úr ólíkum skólum er óheimil.	Starfsemi fellur niður.
-----------------------	---	--	--	-------------------------

Nálægðarmörk og fjöldatakmarkanir á framhalds- og háskólastigi	1 metri og 200 manna fjöldatakmarkun	1 metri og 200 manna fjöldatakmarkun	1 metri og 100 manna fjöldatakmarkun	2 metrar og 25 manna fjöldatakmarkun
Framhaldsskólar, skólar og fræðsluaðilar sem kenna á framhaldsskólastigi	Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls. Nemendur geta dvalið á heimavist.	Fjöldatakmarkun starfsfólks og nemenda er 200 í rými. Eins metra nálægðarmörk og notkun andlitsgrímu (starfsfólk og nemendur) nauðsynleg þar sem þeim er ekki viðkomið. Bekkjarskólar eru með 75-100% staðnám. Áfangaskólar eru með 50-75% staðnám, háð stærð skóla og tegund náms. Skólastarf og húsnæði er skipulagt til að forðast hópamyndun. Nemendur geta dvalið á heimavist.	Fjöldatakmarkun starfsfólks og nemenda er 100 í rými. Eins metra nálægðarmörk og notkun andlitsgrímu (starfsfólk og nemendur) nauðsynleg þar sem þeim er ekki viðkomið. Bekkjarskólar eru með 75-100% staðnám. Áfangaskólar eru með 25-50% staðnám, háð stærð skóla og tegund náms. Skólastarf og húsnæði skipulagt til að forðast hópamyndun. Nemendur geta dvalið á heimavist.	Fjöldatakmarkun starfsfólks og nemenda er 25 í rými og engin blöndun milli rýma leyfileg. Heimilt er að hafa opin lestrarrými fyrir allt að 30 manns í vel loftræstum sóttvarnarrýmum á meðan próftaka og prófundirbúningur fer fram að uppfylltri 2ja metra nálægðartakmarkun. Tveggja metra nálægðarmörk og notkun andlitsgrímu (starfsfólk og nemendur) nauðsynleg þar sem þeim er ekki viðkomið. Bekkjarskólar eru með 50-75% staðnám. Áfangaskólar eru með allt að 25% staðnám, háð stærð skóla og tegund náms. Skólastarf og húsnæði skipulagt til að forðast hópamyndun. Nemendur geta dvalið á heimavist.
Háskólar	Áhersla á persónulegar sóttvarnir. Grímunotkun er valfrjáls.	Fjöldatakmarkun starfsfólks og nemenda er 200 í rými. Eins metra nálægðarmörk og notkun andlitsgrímu (starfsfólk og nemendur) nauðsynleg þar sem þeim er ekki viðkomið.	Fjöldatakmarkun starfsfólks og nemenda er 100 í rými. Eins metra nálægðarmörk og notkun andlitsgrímu (starfsfólk og nemendur) nauðsynleg þar sem þeim er ekki viðkomið.	Fjöldatakmarkun starfsfólks og nemenda er 25 í rými og engin blöndun milli rýma leyfileg. Heimilt er að halda samkeppnispróf og hafa opin lestrarrými fyrir allt að 30 einstaklinga í vel loftræstum sóttvarnahólfum á meðan próftaka og prófundirbúningur fer fram, að uppfylltri 2 metra nálægðartakmarkun og sóttvörnum í hvívetna. Tveggja metra nálægðarmörk og notkun andlitsgrímu (starfsfólk og nemendur) nauðsynleg þar sem þeim er ekki viðkomið.